

1604079 – Minnisblað

Rekstrarform húsnæðisskrifstofu.

I.

Þann 15. júní 2016 tóku gildi lög um almennar íbúðir, lög nr. 52/2016. Markmið laganna er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldu og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum sem ákveðin eru í lögnum.

Í II. kafli laga um almennar íbúðir er ákvæði um húsnæðissjálfsveigunarstofnanir (hse). Húsnæðissjálfsveigunarstofnun starfar samkvæmt lögum sjálfsveigunarstofnanir í atvinnurekstri og ákvæðum laga um almennar íbúðir.

II.

Við setningu laga um almennar íbúðir var gerð lagabreyting á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og meðal annars sett inn ákvæði þar sem segir að sveitarfélagi sé heimilt að stofna eða taka þátt í stofnun leigufélaga og húsnæðissjálfsveigunarstofnana og standa eitt að rekstrinum eða rekur lögaðilann í samvinnu við aðra.

Sveitarfélög geta stofnað hse og fært leiguíbúðir sveitarfélagsins til stofnunarinnar. Lán sem tilheyra íbúðunum færast til hins nýja félags og hið nýja félag verður skuldari. Við yfirfærslu eigna og skulda til hse þarf ekki samþykki Íbúðalánasjóðs. Fasteignamat eignanna er um 4,8 milljarðar. Skuldir er um 2,6 milljarðar, þar af eru um 2,4 milljarðar hjá Íbúðalánasjóði.

Við færslu eigna og skulda til hse verða þær ekki lengur í reikningi sveitarfélagsins. Þar sem sjálfsveigunarstofnunin á sig sjálf og því eiga ákvæði 69. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við.

Sigríður Kristinsdóttir hrl.,
bæjarlögmaður, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs